



Fundargerð

391. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. mars 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 390. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 11. febrúar 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd 7. mars 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1603002 – Hyrningsstaðir, lóð 8 175990, umsókn um stofnun lóðar Hesthúshóll.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2. 1603004 – Hofstaðir 139592, umsókn um stofnun lóðar Rauðamýri.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3 1206031 – Grænigarður 139761, stækkun lóðar og byggingarleyfi á 24,9 fm geymsluskúr.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Dreifbýlisnefnd 25. febrúar 2016.

ÁBG fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa eftirfarandi málum til frekari vinnslu: Sveitarstjóra er falið að útfæra reglur um snjómokstur vegna lögheimila í Flatey. Málefni um tvöfalt sorpgjald á lögbyli vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Málefni um nátthaga í Fjarðarhorni eða við Klett vísað til fjallskilanefndar. Samþykkt samhljóða.

4. Velferðarnefnd 1. mars 2016.

ÁBG fór yfir fundargerðina.

4.1 1603010 – Hækkun á fjárhagsaðstoð frá 1. janúar 2016.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hækkun hámarksupphæðar fjárhagsaðstoðar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni samhljóða.

5. Svæðisskipulagsnefnd 23. febrúar 2016.

Farið yfir fundargerðina.

5.1 1510008 – Umsókn í Skipulagssjóð, beiðni um kostnaðarþátttöku og starfsreglur svæðisskipulagsnefndar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir formlega erindi sveitarfélaganna Reykhólahrepps, Dalabyggðar og Strandabyggðar í Skipulagssjóð, beiðni um kostnaðarþátttöku vegna sameiginlegs svæðisskipulags sveitarfélaganna. Þá samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps einnig starfsreglur sem settar hafa verið um svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1603001 – Umsögn/sjónarmið um drög að frumvarpi um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni og reglugerð.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir formlega umsögn/sjónarmið um drög að frumvarpi um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni og reglugerð samhljóða. Umsögnin hefur þegar verið send atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti vegna tímaramma, einnig var afrit sent til þingmanna Norðvesturkjördæmis og til stoðkerfis Vestfjarða.

2. 1603005 – Samþykktir og gjaldskrár 2016.

Afgreiðsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða þann 12. febrúar 2016 á eftirfarandi samþykktum og gjaldskrá.

- Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.
- Samþykkt um fráveitu.
- Samþykkt um hunda- og kattahald.
- Gjaldskrá 2016 fyrir vatnsveitu, fráveitu og meðhöndlun úrgangs.

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dagsett 17. febrúar 2016.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda samþykktir til staðfestingar til umhverfisráðuneytis og gjaldskrár í b-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.

3. 1603006 – Boðun á XXX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 8. apríl 2016.

ÁBG er kjörinn fulltrúi sveitarstjórnar á landsþing sambandsins og mætir því á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins, ÁMG er varamaður. Sveitarstjóri sækir einnig þingið.

4. 1510002 – Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

Erindi frá Breiðafjarðarnefnd dagsett 15. febrúar 2016, auk minnispunkta frá samvinnufundi Breiðafjarðarnefndar og fulltrúa sveitarfélaga við Breiðafjörð 3. nóvember 2015 á Reykhólum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps vinnur þessa dagana að sameiginlegu svæðisskipulagi fyrir Reykhólahrepp, Dalabyggð og Strandabyggð, þá stendur einnig yfir vinna að svæðisáætlun fyrir Vestfirði í heild, hvort tveggja eru talsverð verkefni.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er hins vegar jákvæð fyrir samvinnu við Breiðafjarðarnefnd um málefni Breiðafjarðar, en sér ekki að rúm verði fyrir stórt skipulagsverkefni á líðandi ári og því næsta, þá er ekki útséð hvort hægt er að vinna svæðsskipulag þar sem annað er þegar fyrir, það á þá bæði við um Reykhólahrepp, Dalabyggð og Snæfellsnes.

Reykhólahreppur er mjög dhugasamur um vernd og nýtingu Breiðafjarðar vegna þeirra hagsmuna sem sveitarfélagið hefur að gæta varðandi auðlindir fjarðarins og íbúa.

5. 1603008 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 12. febrúar 2016.

Farið yfir fundargerðina.

5.1 Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á svæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða nr. 280/2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir breytta gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á svæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Samþykkt samhljóða.

6. 1603007 – Vestfjarðavíkingurinn 2016, styrkbeiðni.

Erindi frá Félagi kraftamanna dagsett 20. febrúar 2016. Hluti keppinnar fer fram á Reykhólum.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Félagi kraftamanna styrk að upphæð kr. 70.000 vegna keppinnar Vestfjarðavíkingisins 2016 og eina máltíð fyrir hópinn í mótuneyti sveitarfélagsins, að því gefnu að hluti keppinnar fari fram innan marka Reykhólahrepps.

7. 1602007 – Umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis.

6.1 Tillaga að þingsályktun um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum, 328. mál.

6.2 Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar), 458. mál.

6.3 Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 296. mál.

6.4 Tillaga að þingsályktun um uppbyggingu áningastaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi, 150. mál.

6.5 Tillaga að þingsályktun um endurskoðun laga um lögheimili, 32. mál.

6.6 Frumvarp til laga um málefni aldraðra (réttur til sambúðar á stofnunum), 352. mál.

Reykhólahreppur veitir ekki umsögn um ofangreind mál. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1602008 – Tónmenntakennari, organisti og kórstjóri.

Minnisblað frá fundi sóknarnefndar og sóknarprests með sveitarstjóra og skólastjóra.

Minnisblað lagt fram og kynnt.

2. 1603009 – Fundargerð 835. og 836. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. janúar 2016 og 26. febrúar 2016.

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____